



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

*Erindi nr. P/28/150
komudagur 20.11.2002*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.11.2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, mál 181.

Í lagafrumvarpinu eru lagðar til fjórar breytingar á lögum um tryggingagjald.

1. Lækkun á almenna hluta tryggingagjaldsins um 0,27%
2. Niðurfelling á nokkrum ákvæðum um gjaldflokka tryggingagjalds sem lokið hafa hlutverki sínu
3. Breytingar er varða samræmingu á lögum um tryggingagjald við ákvæði almannatryggingalaga, þar sem greiðsla á tryggingagjaldi er í ákveðnum tilvikum skilyrði fyrir rétti til bótagreiðslna úr almannatryggingakerfinu.
4. Samræming innheimtuúrræða vegna vangoldins tryggingagjalds.

Hér á eftir eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 13. desember 2001, er fallið frá hluta þeirrar hækkunar tryggingagjalds sem lögfest var fyrir ári síðan. Einnig eru felld brott ákvæði um gjaldflokka tryggingagjalds sem ekki eru lengur í gildi.

Alþýðusamband Íslands sendi Alþingi þann 7. nóvember 2001 ítarlega umsögn um þær tillögur til skattkerfisbreytinga sem þá lágu fyrir þinginu. Í umsögn um frumvarp til laga um tekju-, og eignaskatt, skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklinga í atvinnurekstri og fleira, mál nr. 114, lagðist Alþýðusamband Íslands eindregið gegn þeirri hækkun tryggingagjalds sem þar var boðuð.

Rök Alþýðusambandsins gegn hækkun tryggingagjaldsins voru m.a. að: „...með þessu sé verið að hækka launakostnað fyrirtækja án þess að það skili sér í bættum kjörum launafólks. Með þessu er ríkissjóður að þrengja að því svigrúmi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa til að semja um bætt kjör launafólks.“

Alþýðusambandið ítrekar andstöðu sína við þá hækkun tryggingagjalds sem lögfest var fyrir ári en telur það þó spor í rétta átt að falla frá hluta þeirrar hækkunar.

Um 2.gr.


Greinin snýr fyrst og fremst að því að tryggja ákveðin réttindi þeirra sem flytjast til starfa erlendis í samræmi við lög nr. 117/1193 um almannatryggingar.

Í þessu felst viss réttarbót sem Alþýðusambandið er hlynnt.

Um 3.gr.

Samkvæmt greininni er verið að samræma þau úrræði sem innheimtumaður hefur eftir álagningu tryggingagjalds og hann hefur vegna vangoldinnar staðgreiðslu tryggingagjalds. Alþýðusambandið telur slíka samræmingu ekki óeðlilega.

f.h. Alþýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinsson, forseti